



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð aðalfundar

*Haldinn í Víðgelmi, Grensásvegi 9
Þriðjudaginn 21. apríl 2009, kl. 13:00*

Ásgeir Margeirsson, formaður félagsins, opnaði fundinn. Gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.

Formaður gerði tillögu um Bjarna Pálsson sem fundarstjóra og Gústaf Adolf Skúlason sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Bjarni við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2008-2009.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.

Jónas Matthíasson, gjaldkeri félagsins, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2008. Árið 2008 skilaði félagið rekstrarafgangi upp á kr. 367.425, eigið fé í árslok 2008 voru kr. 2.579.636. Reikningarnir voru samþykktir.

4. Fram komnar breytingar á samþykktum félagsins.

Engar tillögur um breytingar höfðu komið fram og því ekkert gert undir þessum lið.

5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 þar sem gert er ráð fyrir kr. 333.000 í tekjur umfram gjöld. Var hún samþykkt. Þá var samþykkt tillaga um óbreytt félagsgjöld frá fyrra ári, þ.e. kr. 500 fyrir ellilífeyrisþega, kr. 2.500 fyrir aðra einstaklinga og kr. 25.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir.

6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Á aðalfundi árið 2007 voru kosin í stjórn til tveggja ára þau Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson og Ragna Karlsdóttir. Öll gáfu þau kost á sér til endurkjörs og voru endurkjörin með lófataki, en önnur framboð komu ekki fram. Áfram sitja jafnframt í stjórn, kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2008, þau Ásgeir Margeirsson formaður, Auður Andrésdóttir, Bjarni Pálsson og Ólafur G. Flóvenz. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson einróma kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

7. Staðfesting á inngöngu nýrra félaga.

Fimm einstaklingar höfðu óskað eftir inngöngu í félagið frá síðasta aðalfundi og var innganga þeirra allra staðfest af aðalfundi. Nýju félagsmennirnir eru Arnþór

Pórðarson, Edda Lilja Sveinsdóttir, Lúðvík Eckardt Gústafsson, Rúnar Magnússon og Sigurður Magnús Garðarsson.

8. Önnur mál.

Ásgeir Margeirsson fjallaði um umsókn Jarðhitafélagsins um að hýsa World Geothermal Congress á Íslandi árið 2015, auk þess sem hann og Ólafur G. Flóvenz fræddu nýrri félagsmenn um sögu þessara þinga og um IGA – International Geothermal Association. Þá kynntu Auður Andrésdóttir og Gústaf Adolf Skúlason nýja vefsíðu félagsins, sem þá var nýopnuð þótt enn væri unnið að innmötun eldri útgáfuverka. Slóðin er sú sama og áður, www.jardhitafelag.is.

Aðalfundi slitið kl. 13:48.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum var haldinn opinn vorfundur félagsins þar sem flutt voru tvö erindi. Sigrún Nanna Karlsdóttir, verkefnisstjóri, og Ingólfur Örn Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri, frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands kynntu rannsóknarverkefnið Öndvegissetur í háhitaborholutækni. Þá kynnti Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor og deildarforseti umhverfis- og byggingarverkfræðideildar Háskóla Íslands, GEORG, Alþjóðlegan rannsóknarklasa í jarðhita.

Loks voru bornar fram kaffiveitingar.

sign.

Bjarni Pálsson

sign.

Gústaf Adolf Skúlason